

## LÖG

### um breytingu á lögum um meðferð sakamála, nr. 88/2008, með síðari breytingum (rafræn undirritun sakbornings).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 148. gr. laganna bætast þrír nýir málslíðir er orðast svo: Rafræn undirritun sakbornings telst fullgild undirritun samkvæmt þessari grein. Hafi skýrsla verið undirrituð rafrænt er lögreglu heimilt að afhenda hana sakborningi með rafrænum hætti. Ráðherra skal kveða nánar á um framkvæmd rafrænnar undirritunar og afhendingar skýrslu í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. júní 2017.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**  
(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Á. Andersen.*